

korti) en innan við það Lakahnaus (916 m) og Lakahnauseggjar. Utan við Glámsaugna-nd að Háhyrgg er Glámsaugnaskarð grunnt

Brauryðjendur í garðyrkju

Í Ferðabók sinni frá árunum 1775–1777 greinir Olavíus (I, s. 26–33) frá tilraunum með garðyrkju sem þá voru hafnar víða um land. Sjálfur var Olavíus höfundur að ritlingi, Íslenskis urtagarðs bók, sem út kom 1770 og var leiðbeiningarit um matjurtrækt. Litlu síðar, 1774, kom út Lachanologia (í undirtitli: „maturlabók ... um garðyrkju“) eftir Eggert Ólafsson og var báðum þessum ritum dreift ókeypis til almennings. Olavíus nefnir nokkur dæmi um tilraunir með garðyrkju á Austurlandi (Ferðabók II, s. 135–137) og segir síðan: „Af öllu þessu sést, að kál-garðarnir eru sárafár, þegar tekið er tillit til alls svæðisins.“ Ekkert dæmi nefnir hann um garða í Hólmasókn.


Sýslumannsfrúin í Eskifirði, Soffía Amalía Erlendsdóttir ættuð af Vestfirðum (bróður-dóttir Jóns Grunnvíkings), stundaði þar garðyrkju um 1780 með góðum árangri eins og vottað var af Jóni Sveinssyni sýslumanni síðar eiginmanni hennar, haustið 1781. Þá var garður hennar 15 fadmar á lengd og 9,5 fadmar á breidd. Uppskeran þetta haust voru 5 tunnur af gulrófum, 2 af næpum og talsvert af græn-káli. Það ár voru kálgarðar á aðeins þremur jörðum í Múlasýslum. Soffía fékk árið eftir samkvæmt konungstilskipun 4 spesíur í verð-laun fyrir garðrækt og hélt henni ótraud áfram þrátt fyrir afar rýsjótt áferði og áföll og naut til þess stuðnings eiginmanns síns. Kvartar hann undan því í bréfi haustið 1783 að alltof fáir vilji koma sér upp kálgerðum og segir að

og enn utar Hrafnaskörð milli Háhyrggs og Grákolls (771 m). Í byrjun 20. aldar bjuggu um skeið á Helgustöðum Andrés Runólfsson

þrátt fyrir óblíða veðráttu hafi þau „... í Eskifirði auk góðrar uppskeru af grænkáli og kálrabí fengið norskar næpur og danskar rófur 13 lóð á þyngd og rauðar kartöflur hálfir lóð á þyngd, þótt við yrðum að taka upp 4. sept. vegna frosts og snjóa ...“ (Eskja II, s. 98, 225 og 244)

Vafalaust hefur árangur sýslumannshjónanna í Eskifirði orðið þeim sem við embættinu tóku 1801, Þórði Thorlacíus og konu hans Gyðu (Gytha) Thorlacíus danskætradi, hvatning til garðræktar á búi þeirra á Helgustöðum. Voru garðar frá Gyðu rómaðir og settu svip á staðinn eins og sjá má af samfíma teikningu. Í endurminningum sínum segir hún m. a. „Allir rótarvextir á Íslandi eru bæði langtum stærrir og betri en í Danmörku. Bæði næpur og gulrófur geta orðið 4–5 pund, og safinn streymir úr þeim, þegar þær eru skornar sundur. Ég hafði einkanlega mikil not af gulrófum í braud. Ég sauð þær í saltvatni, marði þær vel og hnoðaði og bjó svo til braud, svo sem venja er til á Íslandi, kringlóttar flatkókur, sem eru bakaðar á pönnu eða glóð og eru líkar norsku flatbraudi. Að vísu þarfnast rófumar meiri umhirðingar á Íslandi en í Danmörku. En það var ekki kuldinn, sem stóð þeim fyrir þrifum hjá mér, heldur stormar og þurrkar. ... Við fengum stundum einar 20 tunnur af næpum og 30 af gulrófum og gátum notað þetta bæði handa mönnum og skepnum. ... Garðyrkjan lánaðist einkum vel sumarið 1807, og þá var gerð lögskoðun á garðinum.“ (Endurminningar, s. 39–40)

Sýslumannsstríð Helgustadir, nefnt Gyðuborg á dögum Gyðu og Þórðar Thorlacíus skömmu eftir 1800. Svæðilegar byggingar og matjurtagarðar nær. Eftir steinprentaðri mynd frá 1814. Birtist í bókinni Endurminningar frá Gyðu Thorlacíus, ísl. útgáfa 1947.



Helgustadir og Helgustaðahlíð. Skerúður utan við fjarðarmynni.

og María Níelsdóttir Beck foreldrar Kristins E. forstjóra Máls og menningar og Einars umbodsmanns þess sama fyrirtækis. Einn sona Andrésar af öðru hjónabandi var Kristján bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og utan hjónabands Valdimar sjómaður í Neskaupstað, faðir þekktara skipstjóra þar í bæ.

Silfurbergsnáman á Helgustöðum

Í Hlíðarbrúnum spölkorn ofan Þjóðveggar milli Helgustaðaár og Hrafnar er silfurbergsnáman á Helgustöðum, þekkt undir nafninu Helgustadanáma. Var hún friðlýst sem náttúruvætti árið 1975 að frumkvæði Náttúruverndarsamtaka Austurlands. Rétt utan við námuna rennur lækjarsytra kölluð Silfurlækur og vöktu silfurbergsmolar í farvegi hans fyrst athygli manna á hvað hér væri að finna. Vatn úr læknum kvíslast stundum inn á námusvæðið. Gamall vegruðningur, nú göngustígur, liggur frá Þjóðvegi út og upp að námunni sem er aðeins svipur hjá sjón hjá því sem var meðan þar var numið silfurberg.



Aðalnámugryfjan frá 19. öld.

